

Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. febrúar 2004

Varðandi: Tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2003 – 2008.

Samorka hefur fengið til umsagnar framannefnda þingsályktunartillögu og þakkar fyrir að fá tækifæri til þess að koma með ábendingar og athugasemdir. Samorka ítrekar þær athugasemdir sem settar voru fram í umsögn til Umhverfisstofnunar um drög að náttúruverndaráætlun dags. 30. júlí 2003.

Samorka vill benda á að ekki liggur fyrir stefna stjórnvalda um nýtingu íslenskra orkulinda og telur eðlilegt hefði verið að samflétta gerð náttúruverndaráætlunar við gerð áætlunar um nýtingu sjálfbærra innlendra orkulinda þar sem víða skarast hugmyndir orkunýtingar og náttúruverndar. Þá vill Samorka vekja athygli á að sú áætlun sem hér er til umfjöllunar er gerð á tímum einhverra hatrömmustu deilna um nýtingu orkulinda landsins sem orðið hafa hér á landi. Við slíkar aðstæður mótast umræðan í þjóðfélaginu óhjákvæmilega af þeim deilum sem geta leitt til þess að menn skiptast í andstæðar fylkingar og missa sýn af þörfum þjóðarinnar fyrir að ná sátt um orkunýtingu og náttúruvernd og þar með farsælli búsetu í landinu til frambúðar.

Áætlun um verndun íslenskrar náttúru er áætlun um nýtingu náttúruauðlinda því verndun er eitt form nýtingar eins og má í raun lesa í skýrslunni Náttúruverndaráætlun 2004-2008, Aðferðafræði, þar er m.a. í kafla 6.2.5 um ferðaþjónustu og útivist fjallað um mikilvægi sjálfbærrar ferðamennsku vegna vaxandi eftirspurnar eftir íslenskri náttúru. Með sama hætti ætti að fjalla um mikilvægi sjálfbærrar orkunýtingar vegna eftirspurnar eftir hreinni og endurnýjanlegri orku sem dregur úr gróðurhúsaáhrifum. Miklir möguleikar felast í að vinna friðlýsingarskilmála út frá hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og flétta þannig orkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum við rannsóknir, fræðslu og náttúruvernd.

Sjálfbær þróun er skilgreind sem þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Og eins og fram kemur í fyrstu grunnreglu Ríó-yfirlýsingarinnar snýst sjálfbær þróun um manninn og möguleika hans. Þess vegna byggir sjálfbær þróun á þremur megin stoðum, efnahagsvexti, félagslegri velferð og jöfnuði og vernd umhverfisins. Skoða

verður þessa þrjá þætti í samhengi og leitast við að hámarka efnahagslega og félagslega velferð án þess að skaða umhverfið.

Athugasemdir við náttúruverndaráætlun

Í Náttúruverndaráætlun 2004-2008, Aðferðafræði, kemur fram að náttúruverndaráætlun sé ætlað að „vera einn af þeim hornsteinum sem ákvarðanir um virkjanir geta byggt á” (bls. 67). Ef náttúruverndaráætlun er ætlað að vera sá horsteinn sem hér að framan er lagt til verður óhjákvæmilega að hafa samstarf og samráð við þá sem rannsaka og nýta orkulindirnar.

Enn og aftur skal á það bent að í skýrslunni Náttúruverndaráætlun 2004-2008, Aðferðafræði, sem þessi tillaga til þingsályktunar byggir á kemur fram ótrúlegur ótti gagnvart endurnýjanlegri orkuframleiðslu, sem sannarlega er þó ein af forsendum búsetu hér á landi. Velferð íslensku þjóðarinnar og möguleikar hennar til að þróast á sjálfbæran hátt byggir að stórum hluta á nýtingu þeirra auðlinda sem fólgnar eru í jarðhita, grunnvatni og fallvötnum. Með skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu þeirra hefur okkur m.a. tekist að gera land okkar byggilegra samhliða aukinni hagsæld.

Í tillögunni er jafnframt vakin athygli á að í kjölfar umfjöllunar Alþingis um náttúruverndaráætlun verði unnin ný náttúruverndarskrá. Náttúruminjaskrá er unnin samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Samkvæmt lögnum gefur umhverfisstjórnun út náttúruminjaskrá eigi sjaldnar en fimmta hvert ár. Ekki er gert ráð fyrir að umhverfisstjórnun leiti samráðs við aðra en náttúruverndaraðila um að svæði sé sett á náttúruminjaskrá. Þessu telur Samorka að þurfi að breyta. Mikilvægt er að horfa heildstætt á alla landnotkun og vinna út frá hugmyndafræði um sjálfbæra þróun.

Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar

Í tillögunni stendur „*Umhverfisstofnun mun áður en drög að friðlýsingu verða lögð fram óska eftir athugasemdum og eiga viðræður við landeigendur og aðra hagsmunaaðila eftir því sem við á. Á grundvelli athugasemda og viðræðna verða mótuð drög að friðlýsingu. Drögin verða síðar kynnt fyrir landeigendum, sveitarstjórnnum og öðrum hagsmunaaðilum og þeim gefinn kostur á að gera frekari athugasemdir*”. Hér er lýst vinnuferli þar sem Umhverfisstofnun vinnur í raun alla vinnu um friðlýsingu, en hagsmunaaðilum og fl. gefst kostur á að koma með athugasemdir. Að mati Samorku er það grundvallaratriði að þingsályktunartillagan tryggi **þátttöku** hagsmunaaðila og annarra í friðlýsingarferlinu. Ekki er nóg að þessir aðilar hafi eingöngu rétt til að gera athugasemdir.

Þá kemur fram í tillögunni að „*umhverfisstjórnun muni leggja næst fram náttúruverndaráætlun í síðasta lagi árið 2008 fyrir tímabilið 2009 – 2013*”. Að mati Samorku er afar mikilvægt að við gerð náttúruverndaráætlunar sé tekið tillit til þarfa orkuvinnslu og orkuflutnings og nauðsynlegt að hugmyndafræðin um sjálfbæra þróun liggja til grundvallar þeirri vinnu. Það er mat Samorku að nauðsynlegt sé að orkufyrirtækin komi að gerð náttúruverndaráætlunar á fyrri stigum málsins en raun hefur verið fram til þessa.

Samkvæmt ofan nefndu er afar mikilvægt að orkufyrirtækin séu skilgreind sem hagsmunaaðilar þar sem þeirra hlutverk er að afla orku samkvæmt þörfum hverju sinni. Eins og áður hefur verið bent á er orkuvinnsla eitt form náttúrunýtingar og því

óhjákvæmilegt annað en orkufyrirtæki taki að fullu þátt í undirbúningi verndaráætlunar sem fjallar um hverskonar form nýtingar náttúrunnar.

Mikilvægt að tryggja að þau orkufyrirtæki sem eiga hagsmuna að gæta innan fyrirhugaðra verndarsvæða séu skilgreind sem hagsmunaaðilar og þátttakendur í vinnu vegna útfærslu á afmörkunum svæðanna og friðlýsingarskilmálum.

Athugasemdir um einstök svæði

Austara Eylandið: Vakin er athygli á að mögulegir virkjanakostir ofar á vatnasvæðinu munu jafna rennsli Héraðsvatna, drag úr rennslistoppum á sumrin og auka vetrarrennsli.

Guðlaugstungur – Ásgeirstungur: Samkvæmt upprætti af mörkum friðlandsins liggur friðlandið að hluta í Blöndulóni.

Jökulsárgljúfur: Vakin er athygli á að mögulegir virkjanakostir ofar á vatnasviðinu mun hafa áhrif á rennsli Jökulsár á Fjöllum. Engin orkufyrirtækja innan Samorku hafa í dag uppi áform um virkjun árinna.

Reykjanes – Eldvörp – Hafnaberg: *Sjá umsögn Hitaveitu Suðurnesja.*

Skeiðarársandur: Byggðalínan liggur um svæðið.


Öxarfjörður: Í upptalningu á núverandi landnotkun er ekki meðtalin orkuvinnslurannsóknir. Innan svæðisins hefur þegar verið boruð rannsóknarborhola og orkuvinnsluhola. Þá liggur Laxá – Kópaskerslínan, 66 kV þvert yfir svæðið.

Sjá umsögn Orkuveitu Húsavíkur.

Sjá umsögn Norðurorku/Íslensk orka

Með best kveðju

F.h. Samorku


Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri